

**Ed. 1354. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [491. mál]**

í málinu: Frv. til l. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá Eiði Guðnasyni.

Þar sem frv. þetta

— hefur alls ekki fengið eðlilegan athugun, skoðun og umræðu í landbúnaðar-nefnd efri deildar,

— byggir ekki á neinni fræðilegri könnun á fjárhagslegum áhrifum þess á kjör bænda, neytenda, skattgreiðenda, ríkissjóðs né þjóðarbús,

— byggir á úreltum hugmyndum um ríkisforsjá, einokunarverðmyndun, miðstýringu, valdboð og þvinganir sem ganga í berhöggi við stjórnarskrárákvæði um atvinnufrelsi,

— lokar síðustu smugunum sem eftir eru fyrir frjálsa menn við landbúnaðarstörf og gerir þá að þrælum Framleiðsluráðs og ráðuneytis,

— útilokar samkeppni framleiðenda um verð og gæði og afnemur þar með alla hvatningu til að halda tilkostnaði í skefjum og lækka verð og stuðlar þannig að rekstrarlegu ábyrgðarleysi og offjárfestingu vinnslu- og dreifingaraðila,

— felur í sér hóflausa skattlagningu á búgreinar, sem miðstýringarkerfinu eru ekki þóknanlegar, og mismunar þannig einstaklingum fyrir lögum,

— tryggir bændum ekki staðgreiðslu afurða sinna og mun að öllum líkindum hækka verulega tilkostnað við framleiðslu, vinnslu og dreifingu landbúnaðarafurða og þar með „útflutningsbótaþörf“ á næstu árum,

— viðheldur því fáranlega reikningskerfi að rekaviður og laxveiðileyfi séu undirstaða útflutningsbóta,

— slær enn á frest löngu tímabærum uppskurði á úreltu, rándýru óhagkvæmu og ranglátu ofstjórnar- og milliliðakerfi í landbúnaði sem skaðar jafnt neytendur sem bændur,

— mun verða þjóðarheildinni dýrt verði það að lögum

telur Alþingi ótækt að samþykkja frv. eins og það nú liggur fyrir, vísar því málinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.